

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Reykjanesbrautar, frá Áslandi 1 að Hellnahrauni 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. september 2008 breytingu á deiliskipulagi Reykjanesbrautar, frá Áslandi 1 að Hellnahrauni 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í breikkun Reykjanesbrautar, mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg og undirgöngum eða brú þar sem göngu- og hjóltreidavegir þvera Reykjanesbraut. Samsíða breytingunum á deiliskipulagi Reykjanesbrautar eru breytingar á deiliskipulagsmörkum Áslands, 1. áfanga, Hvaleyrarholts suðaustur, Selhrauns norður og íbúðasvæðis í Hvömmum. Farið var með deiliskipulagsbreytingarnar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 14. október 2008,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2008